# Sunnudagur 17. september



## SJÓNVARPIÐ

15.30 **Hinrik fjórði.** – Seinni hluti. Leikrit eftir William Shakespeare í uppfærslu breska sjónvarpsins BBC. Leikstjóri David Giles. Aðalhlutverk Jon Finch, David Gwillim og Anthony Quayle. Skjátextar Stefán Jökulsson.
17.50 **Sunnudagshugvekja.** Ásgeir Páll Ágústsson nemi.
18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Brauðstrit.** (Bread.) Nýr breskur gamanmyndaflokkur um breska fjölskyldu sem lifir góðu lífi þrátt fyrir atvinnuleysi og þrengingar. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.35 **Fólkið í landinu.** Sonja B. Jónsdóttir ræðir við Maríu Gísladóttur ballettdansara.
20.55 **Lorca – dauði skálds.** (Lorca, Muerte de un Poeta.) – Fjórði þáttur. Spænsk/ítalskur myndaflokkur í sex þáttum. Leikstjóri Juan Antonio Bardem. Aðalhlutverk Nickolas Grace. Þýðandi Steinar V. Árnason.
21.45 **Jerry Lee Lewis.** (I am What I am: Jerry Lee Lewis.) Bandarísk heimildamynd um rokksöngvarann umdeilda Jerry Lee Lewis. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
23.05 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Alli og íkornarnir.** Teiknimynd.
9.25 **Litli folinn og félagar.** Falleg og vönduð teiknimynd með íslensku tali.
9.50 **Perla.** Skemmtileg teiknimynd um Perlu og ævintýrin sem hún lendir í.
10.15 **Draugabanar.** Vönduð og spennandi teiknimynd.
10.40 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
11.05 **Köngullóarmaðurinn.** Teiknimynd.
11.30 **Tinna.** Bráðskemmtileg leikin barnamynd.
12.00 **Rebbi, það er ég.** Teiknimynd með íslensku tali.
12.25 **Mannslíkaminn,** Living Body. Vandaðir þættir um mannslíkamann. Endurtekið.
12.55 **Prinsessan.** Princess Daisy. Framhaldskvikmynd í tveimur hlutum. Seinni hluti. Aðalhlutverk: Merete Van Kamp, Claudia Cardinale, Barbara Bach, Ringo Starr, Lindsay Wagner og Robert Urich.
14.25 **Ópera mánaðarins: Rusalka.** Ópera í þremur þáttum eftir Antonin Dvorak flutt af English National Opera. Rusalka fellir hug til prins og með hjálp galdrakonunnar Jezibaba verður hún mannleg og giftist honum. Rusölku er stranglega bannað að segja frá göldrunum. Brátt verður prinsinn leiður á Rusölku og reynist henni ótrúr. Flytjendur: Eilene Hannan, Ann Howard, Rodney Macann og John Teleaven. Stjórnandi: Mark Elder.
17.05 **Listamannaskálinn. Þrír málarar.** Í þessum þáttum eru kynnt verk þriggja listmálara er mörkuðu endalok endurreisnartímabilsins og upphaf nútímamálaralistar. Rakin er þróun listaferils þeirra og meðferð lita og efnistök könnuð. Í þættinum í dag er fjallað um verk hollenska málarans Vermeers (1632–1675). Kynnir er listmálarinn og gagnrýnandinn Sir Lawrence Gowing.
18.00 **Golf.** Sýnt verður frá alþjóðlegum stórmótum. Umsjón: Björgúlfur Lúðvíksson.
19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og frískleg umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Svaðilfarir í Suðurhöfum.** Tales of the Gold Monkey. Ævintýralegur og spennandi bandarískur framhaldsmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk. Stephen Collins, Caitlin O'Heaney, Rody McDowall og Jeff Mackay.
21.00 **Lifum heil.** Skemmtun gegn skelfingu. Viðamikil fjáröflunar- og skemmtidagskrá í beinni útsendingu frá Hótel Íslandi. Að dagskránni stendur áhugahópur um bætta umferðarmenningu í samvinnu við Stöð 2.
0.00 **Hvatvísi.** Impulse. Myndin fjallar um lítið bæjarfélag þar sem allir lifa í sátt og samlyndi. En ógnvænlegir atburðir gera það að verkum að þetta samheldna fólk snýst hvert á móti öðru og reiði og illska ræður ríkjum. Aðalhlutverk: Tim Matheson, Meg Tilly og Hume Crónyn.
1.35 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
7.50 **Morgunandakt.** Séra Baldur Vilhelmsson, prófastur í Vatnsfirði við Djúp, flytur ritningarorð og bæn.
8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
8.15 **Veðurfregnir.** Tónlist.
8.30 **Á sunnudagsmorgni.** með Pétri Péturssyni lækni. Bernharður Guðmundsson ræðir við hann um guðspjall dagsins, Lúkas 14, 1.–11.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni.**
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Sitthvað af sagnaskemmtun miðalda.** Sjöundi þáttur. Umsjón: Sverrir Tómasson. Lesari: Bergljót Kristjánsdóttir.
11.00 **Messa í Háteigskirkju.** Prestur: Séra Arngrímur Jónsson.
12.10 **Dagskrá.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.20 **Martin Andersen Nexö og Pelli sigurvegari.** Umsjón: Keld Gall Jörgensen.
14.20 . Magnús Einarsson
15.10 **Í góðu tómi.** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Með múrskeið að vopni.** Fylgst með fornleifauppgrefti í Viðey á Kollafirði. Umsjón: Steinunn Harðardóttir. (Einnig útvarpað næsta þriðjudag kl. 15.03.)
17.00 **Tónleikar á sunnudagssíðdegi.**
18.00 **Kyrrstæð lægð.** Guðmundur Einarsson rabbar við hlustendur.
18.20 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Ábætir.** Maurice Chevalier, Lördagspigerne, Auto Towners kvartettinn og Four Rascals kvartettinn syngja lög úr ýmsum áttum. (Af hljómplötum)
20.00 **Sagan:**Búrið eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. Höfundur les (9.)
20.30 **Íslensk tónlist.**
21.10 **Kviksjá.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Þorgeir Ólafsson. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi.)
21.30 **Útvarpssagan:** Vörnin eftir Vladimir Nabokov. Illugi Jökulsson les þýðingu sína (13.)
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Högni Jónsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 14.05)
23.00 **Mynd af orðkera** – Guðbergur Bergsson. Friðrik Rafnsson ræðir við rithöfundinn um skáldskap hans og skoðanir.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Sígild tónlist í helgarlok.** ● Eitt lítið næturljóð eftir Wolfgang Amadeus Mozart. St. Martin-in-the-Fields hljómsveitin leikur; Neville Mariner stjórnar. ● Fiðlukonsert í e-moll eftir Felix Mendelssohn. Anne Sophie Mutter leikur á fiðlu með Fílharmoníusveitinni í Berlín; Herbert von Karajan stjórnar.
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

8.10 **Áfram Ísland.**
9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á rás 2. Umsjón: Sverrir Gauti Diego.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
13.00 **Eric Clapton og tónlist hans.** Skúli Helgason rekur tónlistarferil listamannsins í tali og tónum. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
14.00 **Í sólskinsskapi.** – Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir.
16.05 **Slægur fer gaur með gígju.** Þriðji þáttur af sex um trúbadúrinn rómaða, Bob Dylan. Umsjón: Magnús Þór Jónsson. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Í fjósinu.** Bandarísk sveitatónlist.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00. 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi á rás 1.)
03.00 **Næturnótur.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Næturnótur.**
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á rás 1 kl. 18.10.)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt.

## FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Haraldur Gíslason.** Hlustendur vaktir með ljúfum tónum og **Halli** spilar örugglega óskalagið þitt, **61-11-11,** hringdu bara.
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Sérvalin tónlist með grillinu.
20.00 **Pia Hanson.**Þá er vinnuvikan framundan og stressið en **Pia Hanson** undirbýr ykkur með góðri tónlist.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**
**Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Hlöðversson – Fjör við fóninn. Siggi** fer fyrstur á fætur á sunnudögum ,spilar eldhressa tónlist frá öllum fímum fyrir börn, unglinga, konur og karla. **Siggi Hlöðvers** er mikið fyrir símann og því um að gera að hringja í **síma 681900.**
13.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Yndisleg ný tónlist, fólk í spjalli og uppákomur sem koma jafnvel stjórnanda þáttarins á óvart. Þáttur fyrir alla fjölskylduna.
17.00 **Sagan á bak við lögin – Helga Tryggvadóttir og Þorgeir Ástvaldsson** skyggnast á bak við sögu frægustu popplaga allra tíma og þar kemur ýmislegt fróðlegt í ljós.
18.00 **Kristófer Helgason** kannar hvað kvikmyndahúsin hafa upp á að bjóða, spilar tónlist sem hægt er að grilla við og fleira. Svo er piltúrinn alltaf í símanum!!
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**
**Fréttir á Stjörnunni eru sem hér segir: klukkan 8, 10, 12, 14, 16 og 18. Stjörnuskot – eins og skot. Klukkan 9, 11, 13, 15 og 17 (grín, léttleiki, frásagnir af fréttnæmum atburðum í Stjörnudúr, þ.e.a.s. eitthvað sem lætur öðruvísi í eyrum um menn og málefni).**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **MS.**
14.00 **IR.**
16.00 **MK.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **FB.**
22.00 **Neðanjarðargöngin.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## 95,7

7.00 **Stefán Baxter.„Ó–þunnur".**
12.00 **Ásgeir Tómasson.**
15.00 **Felix Bergsson.**
18.00 **Klemens Árnason.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00 **Páll Sævar Guðnason.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

10.00 **Sígildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist. Jón Rúnar Sveinsson og Ragnheiður Hrönn Björnsdóttir.
12.00 **Jazz & blús.**
13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ívarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
15.00 **Poppmessa í G-dúr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
17.00 **Sunnudagur til sælu.** Gunnlaugur og Þór.
19.00 **Gulrót.** Guðlaugur Harðarson.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Dags og Daða.
21.00 **>/< 5 mín.**Umsjón Gunnar Grímsson.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**



## SKY One

5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
6.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.
10.00 **50 vinsælustu.** Poppþáttur.
11.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
12.00 **That's Incredible.** Fræðslumynd.
13.00 **Fjölbragðaglíma.**
14.00 **The Incredible Hulk.**Spennumyndaflokkur
15.00 **Emergency.** Framhaldsmyndaflokkur.
16.00 **Eight is Enough.**Framhaldsmyndaflokkur.
17.00 **Family Ties.** Gamanþáttur.
18.00 **21 Jump Street.** Spennumynda flokkur.
19.00 **Kvikmynd.**
21.00 **Entertainment This Week.**Fréttir úr skemmtanaiðnaðinum.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **Paper Chase.** Framhaldsmyndaflokkur.
23.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

13.00 **Finian's Rainbow.**
15.00 **Little Girl Lost.**
17.00 **Red Sonja.**
19.00 **Wild Geese 2.**
21.00 **The Supergrass**
22.45 **Fighting Mad.**
00.30 **The Hitchhiker.**
01.00 **Revenge of the Nerds 2: Nerds in Paradise.**
03.00 **Wild Geese 2.**

## EUROSPORT

9.00 **Golf.** The Lancome Trophy sem fram fer í París.
11.00 **Tennis.** Áskorendakeppni í Múnich.
13.00 **Sund.** Keppni í Frakklandi.
14.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttaþáttur.
15.00 **Hjólreiðar. Helstu atburðir frá keppnum í Evrópu.**
16.00 **Fjölbragðaglíma. (Wrestling).** Keppni í Frakklandi.
17.00 **Golf.** Helstu atburðir á Evrópumótum kvenna.
17.30 **Hjólreiðar.** The Grand Prix de Liberation sem fram fer í Hollandi.
18.00 **Golf.** The Lancome Trophy sem fram fer í París.
20.00 **Knattspyrna.**
23.00 **Mótorhjólakappakstur.** Grand Prix keppni í Brasilíu.

## SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
9.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
10.00 **Tískuþáttur.**
10.30 **Today's World.** Fréttaþáttur.
11.00 **Trúarþáttur.**
11.30 **Poppþáttur.**
12.30 **Dundee and the Culhane.**
13.30 **Euro Magazine.**
13.45 **Tónlist og tíska.**
15.30 **Veröldin á morgun.**
16.00 **European Business Weekly.** Viðskiptaþáttur.
16.30 **Roving Report. Fréttaskýringaþáttur**
17.00 **Viðskiptaþátur.**
17.30 **Richard Diamond.** Sakamálamyndaflokkur.
18.00 **Breski vinsældalistinn.**
19.00 **Dempsey and Makepeace.** Sakamálaþáttur.
20.00 **Royal Romance of Charles and Diana.** Kvikmynd.
22.30 **Tíska og tónlist.**



**Eilene Hannan leikur og syngur titilhlutverkið Russölku.**

### Stöð 2 kl. 14.25:

## Russalka

Ópera septembermánaðarins á Stöð 2 er Russalka eftir Antonin Dvorak. Russalka er byggð á tveimur ævintýrum og er annað þeirra Litla hafmeyjan eftir H.C. Andersen. Aðalpersóna verksins er hafmeyjan Russalka sem fellir hug til prins eins. Með aðstoð galdrakonunnar Jezibaba verður hún manneskja. Prinsinn verður hrifinn og giftist henni en fær fljótt leið á henni og heldur fram hjá henni.

Uppsetningin, sem sýnd er í dag, er gerð í English National Opera og er í súrrelaískum stíl og skipta alls konar effektar miklu máli í sýningunni. Er sýningin langt í frá að vera hefðbundin óperusýning. Framleiðandinn David Pointney segir að Russalka sé um þá breytingu sem verður á kvenmanni þegar hann breytist úr saklausu barni í konu.

Aðalhlutverkin syngja Eilene Hannan, sem syngur og leikur Russölku, Ann Howard, Rodney McCann og John Treleaven. -HK

### Sjónvarp kl. 18.00:

## Sumarglugginn

Í Sumarglugganum í dag verður sögð saga af Dolla dropa og er Guðrún Marinósdóttir sögumaður. Sagan er eftir Jónu Axfjörð og teikningar einnig. Við sjáum börn að leik á gæsluvelli og fáum að sjá lóuhreiður og heyra sögu í sambandi við það. Auðvitað verða Paddinton og Helga Möller með frístundina. Svo eru það teiknimyndirnar: Hrekkjalómarnir, Rottuskotturnar, Bangsi litli, Ungfrúrnar, Litla vélmennið og Hvuttarnir.



**Paddington er fastagestur í Sumarglugganum.**

Umsjón með Sumarglugganum hefur Árný Jóhannsdóttir og upptökum stjórnaði Eggert Gunnarsson.

### Rót kl. 21.00:

## Íslensk nútímatónlist

Í þriðja skipti hefur göngu sína á Útvarpi Rót þátturinn >/< 5 mín. sem hefur það markmið að kynna þá tónlist síðustu 50 ára sem minnsta spilun hefur hlotið í útvarpsstöðvunum, það er nútímatónlist.

Þar sem í dag hefst á Rótinni „Íslensk vika" þá hafði umsjónarmaður þáttarins, Gunnar Grímsson, samband við öll þau tónskáld af yngri kynslóðinni sem í náðist og falaðist eftir verkum, nýjum og nýlegum til spilunar þennan dag. Tóku flestir vel í slíkt og árangurinn gefur svo að heyra í kvöld.

Einnig munu einhver tónskáldanna mæta á staðinn og kynna sín verk og ræða stöðu íslenskrar tónlistar við umsjónarmann þáttarins. Meðal þeirra sem verk verða flutt eftir eru Þórólfur Eiríksson, Atli Ingólfsson, Hróðmar Sigurðsson, Haukur Tómasson og Lárus Grímsson.

### Sjónvarp kl. 21.45:

## Jerry Lee Lewis

Sjónvarpið sýnir heimildamynd um hinn fræga rokkara Jerry Lee Lewis í kvöld. Þátturinn hefur undirtitilinn I am What I am eða ég er það sem ég er. Jerry Lee Lewis hefur ávallt verið umdeildur og hefur verið óhræddur að fara eigin leiðir.

Í myndinni kynnumst við manninum sem hefur fengið viðurnefnið dráparinn. Hann á að baki sex hjónabönd sem sum þeirra urðu til að æsifréttablöðin komust í feitt. Fjallað er um miklar vinsældir hans á tímabili og einnig þá lægð sem hann lenti í þegar hann er fordæmdur af fjölmiðlum. Einnig verða viðtöl við frægar stjörnur á borð við Chuck Berry, Roy Orbison, Johnny Cash, Paul Anka og fleiri um kynni sín af Jerry Lee Lewis auk þess Jerry Lee Lwis flytur þekktustu lög sín.

Þess má geta að nýlega var frumsýnd kvikmynd í Bandaríkjunum sem byggð er á tveimur árum í lífi Jerry Lee Lewis. Heitir hún Great Balls of Fire eftir einu þekktasta lagi rokkarans. Það er hinn þekkti leikari Dennis Quaid sem leikur Lewis. -HK


